



MATUR-INN í Íþróttahöllinni á Akureyri 17. - 18.október 2015

og matarhátíðin North Iceland Local Food Festival 12. – 18. október 2015

Ágæti viðtakandi!

Sýningin **MATUR-INN 2015** verður haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri dagana 17. og 18. október næstkomandi. Þetta er stærsti viðburðurinn í starfsemi félagsins Matur úr Eyjafirði - Local food en sýningin er haldin annað hvert ár og var aðsóknarmet sett árið 2013 þegar 13-15 þúsund gestir heimsóttu sýninguna. Fáir viðburðir eru fjölsóttari á Norðurlandi og laðar sýningin einnig að sér gesti víða að af landinu. **MATUR-INN 2015** er sýning sem á að endurspegla styrk Norðurlands sem stærsta matvælaframleiðslusvæðis landsins og er því kjörinn kynningarvettvangur fyrirtækja og einstaklinga í geiranum til að vekja athygli á framleiðslu, matarmenningu, veitingastarfsemi, matartengdri ferðaþjónustu og verslun þessu tengd.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að sýningin er einnig sölusýning.

Áhersla er lögð á að sýningin sé fjölbreytt og höfði til sem flestra. Í boði verða sýningarsvæði fyrir fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga, sem og markaðssvæði þar sem kjörið er að selja haustuppskeruna eða hvað annað sem tengist mat og matarmenningu. Skipulagðir verða viðburðir s.s. matreiðslukeppnir þar sem fagmenn og áhugafólk lætur reyna á hæfni sína í hinum ýmsu matartengdu greinum. Þar gefst framleiðendum tækifæri á að kynna vöru sína eða þjónustu með þátttöku, beinni sem óbeinni. Í senn verður því um að ræða fróðleik og skemmtun. Einnig verður boðið upp á fyrirlestra tengda matarmenningu.

Aðgangur að sýningunni verður sem fyrr ókeypis og er opnunartíminn frá klukkan 11-17 báða dagana.

MATUR-INN 2015 Local Food Festival - Vikulöng matarmenningarhátíð

Undirbúningshópurinn vinnur nú að stækkun á **MATUR-INN 2015** þannig að ekki er aðeins um sýningu að ræða heldur vikulanga matarmenningarhátíð frá 12.-18. október, sem nær yfir allt Norðurland og er sjálf sýningin hugsuð sem rúsinan í pylsuendanum. Alla vikuna verða skipulagðir viðburðir s.s. fyrirlestrar tengdir mat og matarmenningu, leikrit um mat, matarhandverkskeppni, heimsóknir í matvælafyrirtæki, matreiðslunámskeið þar sem unnið er með mat úr héraði, hægt verður að bóka í ferðir með ferðaskrifstofu þar sem matur í héraði er í aðalhlutverki, valdir veitingastaðir bjóða upp á matseðla með séráherslum og kynntar verða gamlar íslenskra matarhefðir. Tilgangurinn með því að útvíkka hugmyndina og tengja viðburði við sýninguna er að stækka markhópin enn frekar og er þá m.a. verið að horfa út fyrir landsteinana, þar sem miklir möguleikar felast í að kynna íslenska matarmenningu og upplifun með ferðamenn í huga.

Sem fyrr segir er hugmyndin að Norðurland allt verði undir í samvinnu veitingamanna og ferðaþjónustuaðila á svæðinu öllu og verður heimafólki og ferðamönnum boðið að njóta matur og matarmenningar. Von er á góðum gestum frá Bretlandi en hingað kemur 20 manna hópur sem vinnur að matartengdri ferðaþjónustu og er tilgangur heimsóknarinnar að kynna sér norðlenska matarmenningu ásamt því að sýna áherslur þeirra heima fyrir.

Praktísk atriði fyrir sýninguna

Sýnendur taka við básum sínum með uppsettu sýningarkerfi, lýsingu í bás, teppalögðu gólfi og rafmagnstengli fyrir tölvu eða lítil raftæki. Fermetraverði í básum er 12.500 kr. fyrir félaga í Mat úr Eyjafirði og 18.500 kr. fyrir aðra. Hægt verður að leigja aukahluti frá leigjanda sýningarkerfis, sem og tengla fyrir stærri rafmagnstæki og kælibúnað. Hægt verður einnig að kaupa aðgang að nettengingu á sýningarsvæðinu. Á markaðstorgi verður aðstaða við söluborð en að öðru leyti sjá sýnendur sjálfir um sína aðstöðu. Gjald fyrir hvern sýnanda er 30.000 kr. fyrir báða dagana. Undirstrikað er að sýnendur á markaðnum þurfa að uppfylla öll skilyrði sem Heilbrigðiseftirlit gerir til sölu af þessu tagi.

Þeir sem áhuga hafa á þátttöku í sýningunni eru beðnir að skrá sig á vef Markaðsstofu Norðurlands

www.nordurland.is undir fréttir af innra starfi fyrir 1. júlí nk

<http://www.nordurland.is/is/markadsstofan/frettir-af-innra-starfi/matur-inn-skraning-synenda>.

Staðfestið þátttöku sem fyrst!

Með kveðju og von um gott samstarf

Undirbúningshópur

MATUR-INN 2015

North Iceland Local Food Festival 2015

Undirbúningshópur MATUR-INN 2015 Local Food Festival 2015 skipa:

Arinbjörn Þórarinsson, veitingastaðurinn Greifinn

Arnheiður Jóhannsdóttir Markaðsstofu Norðurlands

Börkur Emilsson Þingeyska matarbúrið

Hulda Sif Hermannsdóttir Akureyrarstofa

Júlía Skarphéðinsdóttir klúbbi matreiðslumeistara Norðurlandi

Laufey Skúladóttir Matarkistan Skagafjörður

María Helena Tryggvadóttir Akureyrarstofa

Frekari upplýsingar veitir:

Viðburðastofa Norðurlands

sími 412 0000

www.vidburdastofa.is

Davíð Rúnar Gunnarsson, starfsmaður undirbúningshópsins

david@vidburdastofa.is Sími 8963233

